



Flugfélagið Geirfugl ehf.

Fluggörðum 26 - PO Box 416 - 121 Reykjavík - Kt. 690597-2689

Reykjavíkurlflugvöllur 07.03.2006.

Alþingi

Erindi nr. P 132/1243

komudagur 9.3.2006

Til: Samgöngunefndar Alþingis
Alþingi
150 Reykjavík

Frá: Flugfélaginu Geirfugli ehf
Fluggörðum 25
101 Reykjavíkurlflugvelli

Efni: Frumvarp til laga um brottfall laga nr 17/1997, um Flugskóla Íslands.

Það er skoðun Flugfélagsins Geirfugls ehf. að brottfall laganna sem slíkra sé eðlilegt miðað við breyttar forsendur eignarhluta í Flugskóla Íslands.


Þó skal bent á að við teljum það óeðlilegt að setja í fjárlög styrk sem er eyrnamerkur einum skóla með nafni. Hins vegar er eðlilegt að ríkið styrki allt nám sem getur talist á háskólastigi, eða sambærilegu, og væri þá rétt að styrkveitingar væru auglýstar og að ríkisvaldið ákveði eðlilega styrkuppþæð á hvern nemanda í samræmi við rekstraráætlanir flugskólanna sem sækja um styrkinn. Þannig væri eðlilegra að hverjum nemanda í atvinnuflugi yrði eyrnamerkur styrkur að fastri upphæð, óháð því hjá hvaða skóla nemandinn stundar nám. Ennfremur er löngu tímabært að fylgjast með fjárframlögum til flugnáms og tryggja að ekki sé illa farið með almannafé af einkaaðilum í rekstri flugskóla.


Til fróðleiks má benda á að Flugfélagið Geirfugl ehf. var fyrst allra flugskóla til að hljóta kennsluleyfi til einkaflugprófs skv. samevrópskum JAR reglum árið 1999 og hefur síðan verið í samkeppni við Flugskóla Íslands um þá kennslu. Sú kennsla byggir á 150 klst. bóklegu námi og 45 klst. í verklegu námi hið minnsta og kostar nemendur skv. verðskrá 07.03.2006 alls 677.000 krónur. Mun Flugfélagið Geirfugl fá sama styrk og nú liggur fyrir á fjárlögum 2006 ef félagið mun bjóða upp á bóklegt atvinnuflugnám?

Það er ekkert sem segir að gerð samnings við Flugskóla Íslands tryggi að boðið verði upp á bóklegt atvinnuflugnám því Flugskóla Íslands er væntanlega frjálst að hætta að bjóða upp á slíkt nám þegar honum hentar, og þar með talið hætta að þiggja styrkinn. Hins vegar má færa rök fyrir því að með því að styrkja hvern þann nemanda sem hyggur á slíkt nám þá verði hverjum þeim skóla er hyggst bjóða eða býður nú þegar upp á bóklegt atvinnuflugnám gert auðveldara fyrir. Aukin samkeppni í flugkennslu og fleiri valmöguleikar fyrir nemendur hljóta að vera af hinu góða.

Sá styrkur sem Flugskóli Íslands hefur þegið undanfarin ár hefur gert öðrum skólum erfiðara um vik með að setja slíkt nám á fót og þannig hefur ríkið haft virk áhrif í þá átt að takmarka samkeppni og ýta undir fákeppni í flugkennslu og þannig ef til vill komið í veg fyrir eðlilega og frekari eflingu flugs á Íslandi, sem er miður.

F.h. stjórnar Flugfélagsins Geirfugls ehf.


Matthías Arngrímsson
Yfirkennari


Guðmundur Sveinbjörnsson
Framkvæmdastjóri